

Umsögn um frumvarp til náttúruverndarlaga Þingskjal 537 — 429.
mál. Reykjavík 08.02.2013

Dagur Bragason
Keilugranda 4
107 Reykjavík

Ákvað að fjalla aðeins um atriði sem snertir almannarétt, rétt til baða í heitum laugum.

Virðingarfyllst

Dagur Bragason

Hér er eitt atriði úr frumvarpi Umhverfissráðuneytis sem kemur til með aðskaða ferðamennsu um ísland:

1. Almennaréttur til baða á að færa úr vatnalögum í náttúruverndarlög.
2. Heimilt verður að baða sig í vötnum.
3. Skilgreiningin á vötnum er stöðuvötn og straumvötn.
4. Sett eru sérstök verndarákvæði fyrir hverri og þá líklega ekkert er heimilt án samþykis náttúrufræðistofnunar.
5. Skilgreiningin á heitum laugum og hverum er eitt, óaðskiljanlegt.
6. Hvergi nokkurstaðar getið, í frumvarpi til náttúruverndarlaga, tilvist menningar eða hefða eða sögu lands og þjóðar.
7. Niðurstaða:

Ef þetta frumvarp fer í gegnum þingið, þá verður óheimilt að baða sig í heitum náttúrulegum laugum, nema að gefnu leyfi:
Náttúrufræðistofnuna, Umhverfisstofnunar, umhverfissráðuneytis, forsætissráðuneytis (sem fer með málefni þjóðlenda

Tilvitnanir í frumvarpið:

Um 17. grein:

"Ekki eru lagðar til verulegar breytingar á kaflanum um almannarétt. Farið er að tillögum nefndar um endurskoðun náttúruverndarlaga um að kaflinn hafi að geyma sem flest ákvæði íslenskra laga um almannarétt, útivist og umgengni og myndi þannig heildstætt yfirlit yfir þessi atriðaugumi. Þetta ætti að auðvelda fólki að kynna sér gildandi reglur á hverjum tíma. Í samræmi við þetta er lagt til að ákvæði um rétt almennings til umferðar um vötn og til sunds og baða verði færð úr vatnalögum í náttúruverndarlög"

Hér er tekið sérstaklega fram að undir skilgreininguna "vötn" er ekki verið að fjalla um laugar:

"Með orðinu vötn er átt við straumvötn og stöðuvötn."

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir almennings til farar um vötn og til að nota vötn til sunds og baða. Með orðinu vötn er átt við straumvötn og stöðuvötn. Kemur hún í stað 18. gr. núgildandi laga sem um þetta efni vísar til ákvæða vatnalaga, nr. 15/1923. Í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun náttúruverndarlaga er hér lagt til að ákvæði um umferð um vötn verði í náttúruverndarlögum en nefndin lagði áherslu á að sem flest lagaákvæði sem varða almannaréttinn stæðu saman í þeim lögum. Ákvæði 21. gr. frumvarpsins byggist að miklu leyti á 115. og 117. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, um umferð um vötn með þeim breytingum sem gerðar voru á þeim með lögum nr. 132/2011. Einnig er heimild 11. gr. vatnalaga til að nota vatn til sunds og baða felld inn í 21. gr. en hún er þó takmörkuð við það sem landeiganda er meinlaust. Í því felst m.a. að sundiðkendur forðist að valda ónæði og stundi ekki böð óhóflega nálægt bústað hans. Áréttað er að forðast skuli að setja sápu efni í vatnið, sbr. 83. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, þar sem kveðið er á um bann við því að menga vötn eða láta í þau eða svo nærri þeim að hætt sé við að í þau berist efni, hluti og lífverur sem spilla mundu eðlis- eða efnaástandi vatnsins, lífríki þess og nánasta umhverfi.

Hér er fjallað um hvergi og heitar uppsprettur í sama málsliðnum og erfitt að greina þar á milli:

Um 57. grein:

"Í c-lið 2. mgr. er fjallað um hvergi og heitar uppsprettur og nær ákvæðið nú einnig til lífríkis og ummyndana sem tengjast þeim. Margvíslegar heitar uppsprettur hafa um aldir verið taldar meðal helstu náttúruundra Íslands. Við nýtingu jarðvarma á lág hitasvæðum á síðustu áratugum hafa mörg hverasvæði látið á sjá. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að hverum og laugum á lág- og há hitasvæðum verði spillt frekar en brýn nauðsyn krefur og að sérstök aðgát verði höfð komi til nýtingar. Hyggja þarf sérstaklega að varðveislu heitra uppsprettu á há hitasvæðum þar sem orkuvinnsla fer fram og tryggja að þessi náttúruyfyrirbæri fái að njóta sín. Á síðustu tveimur áratugum hafa rannsóknir leitt í ljós að fjölmargar tegundir hitakærra örvera lifa á lág- og há hitasvæðum landsins og hafa hér á landi fundist tegundir sem hvergi annars staðar er að finna."

Eftir ýtarlega skoðun get ég ekki fundið eit né neitt um að heimilt verði að baða sig í heitum náttúrulegum samkvæmt þessu frumvarpi.

<http://www.althingi.is/altext/141/s/0537.html>

Hér að neðan er texti úr fréttatill kynningu Umhverfisráuneytis:

Ferðaklúbburinn 4x4 birti auglýsingu í Fréttablaðinu föstudaginn 8. febrúar 2013, þar sem skorað var á þingmenn að hafna frumvarpi til náttúruverndarlaga, sem er til umfjöllunar í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Í auglýsingunni kemur fram gagnrýni í sex liðum, sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið telur rétt að bregðast við.

Fullyrðing Ferðaklúbbsins 4x4: Frumvarp til laga um náttúruvernd felur í sér breytingar sem munu stórskada ferðamennsku á Íslandi og gera almenningi illkleift að ferðast um land sitt.

Svar ráðuneytisins: Í frumvarpinu eru engin ákvæði sem miða að því að skerða möguleika á ferðamennsku á Íslandi. Þvert á móti þá er staða almannaréttarins styrkt, m.a. með því að kveða skýrar á um þann rétt í markmiðsákvæði laganna. Þá er almenningi heimilt að krefjast úrlausnar um hvort hindranir sem lagðar eru við för almennings um landið séu lögmæt (sbr. 29. gr.). Auk þessa eru heimildir landeigenda eða rétthafa lands til að takmarka för almennings um óræktað land í byggð takmarkaðar frá því sem nú er og eru bundnar við

sérstök tilvik þar sem slíkt er nauðsynlegt vegna nýtingar eða verndunar lands (19. gr.).

--

Dagur Bragason
GSM-8940095